

55. stjórnarfundur Bergrisans bs.

18.04.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 15:30

Fundinn sátu: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Sigbrúður Birta Jónsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð

Dagskrá

1. Fundargerð þjónusturáð- 167

Fundur haldinn 23. mars

Stjórn samþykkir fundargerðina

2. 2301140- Erindi frá sveitarfélaginu Árborg vegna þjónustumats

Lögð er fram beiðni frá sveitarfélaginu Árborg um gerð þjónustumats sem nýtt er til grundvallar þjónustu við einstakling.

Þjónusturáð Bergrisans leggur til við stjórn Bergrisans að samþykkja beiðnina.

Stjórn samþykkir beiðnina og felur félagsþjónustu Árborgar að vinna málið áfram.

3. Erindi frá Arnardrangi vegna framvindu byggingu íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Unnið hefur að skammtímafjármögnun vegna byggingu nýs íbúðakjarna. Húsnæðis og mannvirkjastofnun samþykkti ekki umsókn Arnardrangs um skammtímafjármögnun enda telur lánanefnd að ekki hafi verið sýnt fram á að kjör séu verulega hærrí en almennt bjóðast á virkari markaðssvæðum. Sótt verður um fjármögnun á framkvæmdatíma til banka. Stjórn Arnardrangs hses óskar eftir að Bergrisins bs. fjármagni verkefnið á meðan lánaferli stendur yfir.

Stjórn samþykkir beiðnina en óskar eftir að fá erindi hverju sinni til umfjöllunar og afgreiðslu

4. Styrkir vegna aðgengismála

Á árunum 2021-2022 hefur Jöfnunarsjóður veitt sérstök framlög vegna aðgengismála. Stóðu aðildarsveitarfélög Bergrisans bs. saman að umsóknum. Svæðið fullnýtti ekki það framlag sem svæðinu var ætlað. Er verkefnastjóra Bergrisans falið að kanna hvort ennþá sé hægt að sækja um styrk að upphæð 18,6 mkr og þá hvernig verklagi Jöfnunarsjóðs er háttað.

Fundi slitið klukkan 16:10

